

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli
fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Fiskmjöl, \$ 8,35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

22. september 1980.

Nr. 517.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna-
og spæringsmjöli framleiddu á árinu 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spæringsmjöli framleiddu á árinu 1980:

Kolmunnamjöl, \$ 8,35 á próteineiningu í lest.

Spæringsmjöl, \$ 8,35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.